



Fundargerð

1387. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll
6. október 2022, kl. 08:00

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir varaformaður, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders, Sverrir Bergmann Magnússon og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Friðjón Einarsson formaður boðaði forföll, Sverrir Bergmann sat fyrir hann.

* * *

1. Sorphirða – breytingar á meðhöndlun úrgangs (2021120350)

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi mætti á fundinn og lagði fram minnisblað um hugmyndir af breytingum á meðhöndlun úrgangs.

Bæjarráð leggur áherslu á að verkefnið verði unnið í samvinnu við sveitarfélögin á Suðurnesjum og Kólku og Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra falið að ítreka ósk um sameiginlegan fund þessara aðila.

2. Körfuknattleiksdeild Keflavíkur – erindi (2022010445)

Einar Haraldsson, formaður Keflavíkur, íþrótt- og ungmennafélags og Magnús Sverrir Þorsteinsson, formaður körfuknattleiksdeildar Keflavíkur mættu á fundinn.

Málinu frestað.

3. Kirkjuvogur 13b – Kotvogur (2022090411)

Lögð fram beiðni um kaup á Kirkjuvogi 13b.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni að vinna frekar í málinu.

4. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna – aðgerðaáætlun (2020021548)

Lögð fram drög að aðgerðaráætlun Reykjanesbæjar vegna innleiðingar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Óskað er eftir umsögnum, frestur til að skila umsögnum er til 21. október 2022.

Skipa þarf í nýjan stýrihóp Barnvæns sveitarfélags a.m.k. tvo bæjarfulltrúa, einn frá minnihluta og einn frá meirihluta.

Bæjarráð tilnefnir Valgerði Björk Pálsdóttur og Margréti Þórarinsdóttur.

5. Sveitarfélög, skipulagsáætlanir og framkvæmdaleyfi til skógræktar (2022090530)
Lagt fram bréf frá Skógræktarfélagi Íslands þar sem skorað er á sveitarstjórnir að vinna að skipulagsáætlunum í takt við stefnu stjórnvalds um skógrækt á landsvísu.
Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna frekar í málinu.
6. Jólaverkefni – 4. mál frá 36. fundi menningar- og atvinnuráðs (2022090416)
Lögð fram greinargerð um jólaverkefni Reykjanesbæjar. Óskað er eftir viðbótarframlagi kr. 6.500.000.
Erindinu frestað.
7. Ungmennaráð - erindi frá UNICEF á Íslandi (2022090572)
Lagt fram erindi frá UNICEF um tækifæri barna til áhrifa og ungmennaráð.
8. Tilnefning fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja (2019070283)
Bæjarráð tilnefnir eftirfarandi sem aðalmenn í svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja Eystein Eyjólfsson og Gunnar Ottósson og varamenn Guðlaug Sigurjónsson og Róbert Jóhann Guðmundsson.
Samþykkt 5-0.
9. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 13.-14. október 2022 (2022090471)
Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um skráningu á Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2022.
Bæjarráð hvetur bæjarfulltrúa að skrá sig á ráðstefnuna.
10. Umsögn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um fjárlög 2023 (2022100109)
Lagt fram bréf frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.
11. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 12. október 2022 (2022090457)
Lagt fram bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um ársfund sjóðsins. Þátttaka tilkynnist til og með 5. október.
12. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja 15. september 2022 (2022020838)
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
13. Fundargerð aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 17. september 2022 (2022090520)
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
14. Fundargerð stjórnarfundar Tjarnargötu 12 ehf. 27. september 2022 (2022010328)
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
15. Umsögn vegna rekstrarleyfis – Mannvirki og malbik ehf. Hafnargötu 42 (2022080577)
Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um rekstrarleyfi í flokki II. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirliggjandi umsagna.
16. Umsögn vegna starfsleyfis ökutækjaleigu – Lava Car Rental ehf. Flugvellir 6 (2022090321)

Erindi Samgöngustofu vegna umsóknar um leyfi til að reka ökutækjaleigu. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirliggjandi umsagnar.

17. Umsögn vegna starfsleyfis ökutækjaleigu – CC Bílaleiga ehf. Bogatröð 1 (2022090602)
Erindi Samgöngustofu vegna umsóknar um leyfi til að reka ökutækjaleigu. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirliggjandi umsagnar.

18. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2022010436)

Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða), 144. mál - <https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0144.pdf>

Umsagnarmál lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00